

FUNDARGERÐIR

FUNDIR SKÓLAMEISTARA MEÐ NEMENDUM DAGSKÓLA Í NÓVEMBER 2019

5. NÓVEMBER: TEIKNIBRAUT

Of fá sæti í matsal. **Deildarstjóri barnadeildar ætlar að minna sína kennara á að grunnskólanemendur taki nestistíma á öðrum tíma en dagskólinn.**

Mætti fá fleiri ruslafötur fyrir flokkun. **Setjum inn litlar körfur.**

Prentaðstaða nemenda: Of lítil, oft mjög umsetin, litaprentarinn er hægur og tölvan. 180 g pappírinn mætti vera aðgengilegri. Magnað ef það væri útbúin önnur prentaðstaða, t.d. eru til ecotank prentarar sem eru miklu ódýrari í rekstri. **Ákveðið að færa skúringavélina, lengja borðið, setja tölvuna upp í hillu til að auka borðpláss og bæta við annarri tölvu.**

Lyklaborðin mörg biluð í tölvustofu, vantar músamottur. **Bætt úr því.**

Kennslumat hefur farið fram í einkaviðtölum. Það væri gott að fá að tjá sig nafnlaust í rafrænu kennslumati. **Verður gert í innu.**

Vantar töflur upp í tölvuveri um námskeið sem þar eru. **Gerum það.**

Pappírshnífurinn, handfangið er brotið. **Lagfært.**

Nemandi sem þarf að mæta mjög snemma vegna strjálra strætóferða óskar eftir að fá að koma með púða svo hann getið sofið áður en skólinn hefst. **Besta mál.**

8. NÓVEMBER: TEXTÍLBRAUT

Stinga upp á að við skipuleggjum skiptidaga milli deilda. Mætti vera þannig að nemendur kenni hverjir öðrum. **Ræða á starfsmannafundi/deildarstjórafundi.**

Biðja um að fá kennslulýsingar aðeins fyrr. **Tekið til greina.**

Rætt um samfellu í námskeiðum brautarinnar. Alltof oft sem það er klippt á köpunarferlið þegar farið er úr einum áfanga yfir í annan. Vikukúrsar oft ansi stuttir. Skoða hvernig ferlið er í keramiki þar sem öll önnin miðar að því sama. **Deildarstjóri skoðar.**

Vélprjón þyrfti að koma inn á fyrra ári. Nemendur voru sammála um að það hefði verið betra að hafa lært grunntækni á prjónavél áður en erlendi gestakennarinn mætti sem hefði nýst betur. Prjónavara sé einmitt það sem sé framleitt hér á landi og því sé mikilvægt að nemendur séu sterkir í prjóni. **Góð ábending, tekin til greina.**

Aðstaða var rædd eða skortur á aðstöðu. Sérstaklega var opnunartími skólans þeim hagleikinn. Stinga upp á því að einn umsjónarmaður taki að sér að bera ábyrgð á að ganga frá húsnæði þegar nemendur þurfa að vera lengur. **Ræða á starfsmannafundi.**

Rætt um afslátt nemenda af námskeiðum skólans.

Vantar hjólageymslu. **Er til skoðunar.**

11. NÓVEMBER: LISTNÁMSBRAUT, FYRRA ÁR

Stólarnir í fyrirlestrasalnum eru mjög óþægilegir. **Skiptum yfir í þá svörtu.**

Væri gott ef það væri einhverskonar stöðlun á því hvernig verkefnum er skilað. Hver kennari gerir með sínu lagi og stundum er erfitt að komast að því hvert og hvernig á að skila.

Deildarstjóri skoðar málið.

Sekúnduteljarinn í innu er mjög stressandi fyrir kvíðasjúklinga. Spurning hvort hægt sé að

losna við hann? **Heyrum í innu. Ekki hægt.**

Einn nemandi telur að í kvikmyndafræði sé verið að sýna myndir sem hefur verið stolið af netinu. **Svarið er skýrt, kennarinn er með leyfi fyrir öllu sem sýnt er.**

Spurt um inntökuprófsverkefni. **Hægt að nálgast þau hjá deildarstjóra.**

Kaffivélin niðri er til vandræða. **Reynum að fá bætt úr því.**

Mætti setja upp sjálfsala með einhverju að borða? **Skoðun leiddi í ljós afar fáa möguleika, fyrst og fremst sælgæti.**

12. NÓVEMBER: KERAMIKBRAUT

Sorpmálin, gott að fá áminningu frá skólanum um að flokka. Nemendur gætu líka **áminnt sig sjálf**. Nóg er um tuðið í stjórnendum.

Vilja líka minna á ísskápinn. Erfitt mál að leysa. Mætti e.t.v. fá **nemendaráðið** með í málið.

Stinga upp á að setja handþurrkurnar í eldhúsinu á kefli. **Skoðum það.**

Rætt um tilkynningar vegna heimsóknna og annað. Mætti vera meiri fyrirvari. Kom samt fram að það sé skjal þar sem **allt komi fram**.

Skráning á viðveru of ströng. Slæmt þegar það kemur niður á einkunnum. **Viðvera birtist ekki í einkunnagjöf en upplýsingar koma fram á skírteini og í innu.**

Rætt um samfellu í vinnu nemenda sem á til að vera slitin í sundur. Óska eftir meiri stuðningi í gífsinu. **Góðar ábendingar. Allt er þetta stöðugt til skoðunar.**

Bóksala í skólanum. Vilja frekar láta skólann njóta söluhagnaðar af bókum en bókabúðir. **Því miður er ekki pláss fyrir slíkt.**

Grunn námskeið á forritapakkan sem við erum að selja þeim. Margir sem ekki kunna á þau. Tilvalið að halda **stutt kvöldnámskeið**.

Finnst vanta áfanga í módelmótun. **Deildarstjóri hefur hugsað um þetta. Mætti setja inn á A-önn.**

Langar að prófa Rakubrennslu. Hugsanlega gætu þau tekið sig saman og **prófað sjálf**. Gætu fengið leiðbeiningar.

Rosalega mikil heimavinna. **Deildarstjóra er kunnugt um það.**

Skrýtið að það séu ekki til fjöltengi í stofunni. Þurfa alltaf að fá þau lánuð annarsstaðar.

Skýringin er eins og svo oft að þau hverfa. **Komum okkur upp kassa.**

Ljósín í stofunni ekki góð. **Stendur einmitt til að skipta þeim út.**

Óska eftir að fá rakatæki til að rykhreinsa loftið í stofunni. **Keypt.**

Opnunartími. Rætt á svipuðum nótum og við nemendur í textíl. Hægt að leyfa þeim að vera lengur ef þau taka ábyrgð. **Leysum það þannig.**

Mætti gera meira af því að kynna hlutina, t.d. hefði mátt hafa kynningu á verkfærum í tengslum við mótagerð áður en námskeið í mótagerð hófst. **Góð ábending.**

Erlendir nemendur eiga erfitt með að fylgja öðrum, sérstaklega í heimspekinni. Ákveðið að bjóða upp á **aukatíma** á ensku.

13. NÓVEMBER: LISTMÁLARABRAUT

Heimspekin. Erfitt fyrir lesblinda að einbeita sér þegar ekki er borð. Módelalurinn ekki góður.

Engin stofa betri. Hægt að mæta aðeins fyrr og setja upp borð. Kvartað undan tímasetningu á heimspekinni. Mánudagur eftir hádegi sé erfiður. **Erfitt að finna tíma sem allir eru ánægðir með.**

Námsefnið erfitt. Vilja fá glærurnar. Spurning hvort hægt væri að tengja námið betur við listina og listaverk. Einnig væri gott að fá orðalista.

Kennarinn tekur undir með stofuna. Tekur nemendur sem ekki tala íslensku í sérstakan tíma. Glærur geta hjálpað en koma ekki í stað námsefnisins.

Almennt verkefnaálag. Niðurstaðan var samt sú að allir ættu að geta búið sig undir álagstíma. Skipulag er það sem blífur hjá hverjum og einum.

Tölvur sumra nemenda ráða ekki við adobe pakkann. **Vandamál sem við leysum ekki.** Snýst um nýtt stýrikerfi frá Apple sem virkar ekki með fjölmörgum forritum.

Kennslumat. Betra að fá einn áfanga í einu til að geta metið kennarana hvern um sig.

Góð ábending.

14. NÓVEMBER: FORNÁM

Loftgæði í stofum misjöfn og sumstaðar afleit. **Illmögulegt** að bregðast hratt við því.

Erfitt hvað það er oft stokkað upp í hópnum. Maður er kannski rétt búinn að koma sér upp aðstöðu þegar maður er látinn taka allt saman og flytja. Rætt um kosti og galla á því kerfi og sömuleiðis það að til þess að hægt sé að þrifa stendur í beinum tengslum við loftgæði.

Deildarstjóri veit af þessu en hefur líka reynslu af að gera þetta alveg öfugt og það var ekki mjög mikil ánægja með það.

Kennslan og kennarar og deildarstjóri til fyrirmyndar. Skipulag í ljósmyndun gæti þó verið betra. **Bætum úr þessu.**

Aðstaða: Myrakraherbergi, þarf að yfirfara stækkara, skoða t.d. klær á snúrum. Borð í tölvustofu erfið, hjólin bremsulaus. Vantar músarmottur. Var komið fram hjá öðrum nemendahópi og **þegar verið að bregðast við því.**

Nemendaráð - aldrei búið að setja það í gang. **Misskilningur sem nú er búið að greiða úr.**

Rætt um víðtækari afslátt gegn framvísun nemendaskírteinis og jólabasar sem eru verkefni sem ættu að vera í höndum nemendaráðs.

19. NÓVEMBER: LISTNÁMSBRAUT, SÍÐARA ÁR

Sakna sófans í matsalnum. Bent var á að það hefur fjölgað mjög borðum þar sem nemendur hafa kvartað undan plássleysi. **Skoðum málið.**

Gott að taka bóklega áfanga í lotu. Sakna þess að það sé ekki alltaf þannig. Var gert í skapandi skrifum og stærðfræði sem eru áfangar sem ekki þarf að lesa mikið fyrir heima. Flóknara að taka áfanga sem byggjast á miklum lestri, t.d. íslenskuáföngum á 2. og 3. önn og listasögu í lotu en **deildarstjóri skoðar þetta** samt.

Óska eftir að fá stuttan áfanga í notkun smíðaverkstæðis til að geta sjálf farið inn og unnið.

Væri gaman að geta orðið við þessu en þar sem verkstæðið er ekki kennslustofa heldur vinnusvæði fasteignasviðs er þetta **ekki hægt.**

Vildu gjarnan fá meira feedback á verkin sín. Fá einkaviðtal í tengslum við möppugerð. **Besta leiðin væri að mæta betur í skólann.**

Vantar verkfæri í skúffur á 3. hæð, t.d. blöð í stingsagir sem þar eru. **Leysum það.**

20. NÓVEMBER: MYNDLISTARBRAUT

Væri gaman að fara í ferð saman. **Góð hugmynd að fara í dagsferð innanlands í vor.**

Flest ánægð með stofuna og aðstöðuna en þó mætti stundum vera meira pláss, t.d. þegar þau eru að vinna þrívíð verk. Voru í móðelsalnum í módelteikningu en nú er barnadeildin með hann í notkun. **Góð ábending, reynum að finna betri stofu fyrir lokaáfanganum.**